

## Aganefnd LH

### Mál nr. 1/2013

Aganefnd LH kom saman 19. júní 2013. Í aganefnd eru Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson hdl. og Sæþór Fannberg.

#### **Tekið er fyrir mál nr. 1/2013:**

Tekin er fyrir kára Guðmundar M. Skúlasona og Einars Kristjánssonar sem Aganefnd hefur borist með t-pósti þann 10. júní 201, vegna hestsins Dreyra frá Hjaltastöðum á gæðingamóti Glaðs sem haldið var í Búðardal helgina 15. til 16. júní sl.

#### **Málsatvik:**

Málsatvik eru þau að kærundur töldu að hesturinn Dreyri frá Hjaltastöðum væri ekki í eigu félagsmanns í Hestamannafélaginu Glaðs og hefði því ekki keppnisrétt á fyrrgreindu móti.

Aganefnd vísa hér með málinu frá þar sem kára barst framkvæmdanefnd mótsins of seint.

#### **Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:**

Samkvæmt grein 2.7.3 í Lög og reglugerðum LH 2013-1 segir:

*Kæru þarf að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt.*

Aganefnd LH benda á að ef kára hefði borist innan tímaramma hefði mótsstjórn átt að úrskurða um hana á vettvangi.

#### **Niðurstaða aganefndar LH:**

Úrskurður aganefndar er eftirfarandi:

Ákvörðun yfirdómnefndar frá gæðingamóti Glaðs sem haldið var 15.-16. júní s.l. er að vísa málinu frá samkvæmt grein 2.7.3.

Ekki er hægt að óska eftir álitum Aganefndar um einstök málsatvik. Aganefnd tekur fyrir ákvarðanir mótsstjórnar sem kærðar hafa verið til Aganefndar.

Reykjavík 20.06.2013

#### **Aganefnd L.H.**

Þorvaldur Sigurðsson  
Atli Már Ingólfsson, hdl.  
Sæþór Fannberg